

Nr. 037 / 16 Sturla GK 12***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1272
Smíðaður: Noregi 1967, stál
Stærð: 486,5 brl. 671,5 bt.
Mesta lengd: 52,6 m Skráð lengd: 49,58 m
Breidd: 8,53 m Dýpt: 6,8 m
Vél: MaK 742kW, 1967
Fjöldi skipverja: 14



Sturla©Guðmundur St Valdimarsson

Gögn:
Gögn RNSA
Tilkynning frá skipstjóra

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. janúar 2016 var Sturla GK 12 á línuveiðum í Skerjadypi. Veður: A 10 m/sek.

Skipverji flækti fæturnar í bandi utan af beitukassa sem lá á þilfarinu en við það féll hann og lenti með brjóstkassann á horni fiskikars.

Við rannsókn kom fram:

- að þilfarið var ekki sleipt og slasaði var í góðum stígvélum;
- að veðrið var gott og lítill veltingur á bátnum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.